

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um grunnhugtök hagfræðinnar. Farið verður yfir helstu kenningar, strauma og stefnur innan fræðigreinarinnar og helstu hagfræðilíkön verða kynnt.

Markmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar á:

- grundvallarhugtökum hagfræðinnar sem fræðigreinar
- meginviðfangsefni hagfræðinnar
- mismunandi tegundum hagkerfa
- grunneiningum hagkerfisins
- helstu kenningum hagfræðinnar
- skiptingu hagfræðinnar í þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði
- þeim stofnunum sem stjórna stýritækjum hagkerfisins

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita algengustu hugtökum hagfræðinnar á skýran hátt
- taka þátt í einföldum umræðum um hagfræðileg málefni
- nýta sér þekkingu sína við lestur á einföldum hagfræðilegum texta
- beita hagfræðilegum grunnhugtökum og þeim orðaforða sem notaður er í hagfræði

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir grunnatriðum hagkerfisins
- geta tjáð skoðanir sínar á skýran og skilmerkilegan hátt
- gera sér grein fyrir samspili hagfræðinnar í samfélaginu

Námsgögn

Bók: Auður – hagfræði fyrir íslenska þjóð. Höfundur Inga Lára Gylfadóttir.

Efni frá kennara

Námsmat

Áfanginn er án hefðbundins lokaprófs. Á önninni verða lögð fyrir 3 próf og gildir hvert próf 20%. Ýmis verkefni verða unnin á önninni og gilda skilaverkefni 40% af lokanámsmati.

Þrjú próf
Verkefni, ýmis

60% af lokanámsmati (20% hvert)
40% af lokanámsmati

Sérreglur áfangans

Nemandi skal ná lágmarkseinkunn 4 í hverjum hluta námsmatsins til að standast áfangann og fá að lágmarki 4,5 í meðaleinkunn. Nemandi sem ekki kemst í próf vegna veikinda eða leyfa frá skóla gefst kostur á að taka sjúkrapróf í lok annar og gilda reglur skólans um sjúkrapróf í þeim tilvikum. Mæti nemandi ekki í próf fær hann einkunnina 0.

Kennari

Þórey Hilmarsdóttir tho@fsu.is

Áætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar.